


***Mynd 1:** Þegar skráð eru samskipti vegna frávika á sjónprófi ætti að fara í samskiptin beint úr sjónglugganum.*

- ✓ Frávik eru á sjónskerpuprófi ef barn nær ekki að sjá 0,8 (6/75) á öðru eða báðum augum.
- ✓ Vísa á börnum með frávik til augnlæknis sem fyrst.
- ✓ Frávikum sem verða í sjónprófi þarf að gera grein fyrir í samskiptum.
- ✓ Fara á í samskiptin úr glugganum ‚Sjón' *(mynd 1)* en þá opnast forskráð samskipti og niðurstaða sjónskerpuprófsins skráist sjálfkrafa inn í samskiptin *(mynd 2)*.




***Mynd 2:** Forskráð samskipti birtast þegar farið er í samskiptin úr sjónglugganum. Hægt er að ‚afhaka' í þær hjúkrunarmeðferðir sem valdar hafa verið ef þær eiga ekki við og haka í aðrar ef við á. Niðurstöður sjónskerpuprófsins birtast í gluggunum undir ‚Mælingar'.*
*Hægt er að fara beint í ‚Tilvísun til læknis' úr samskiptunum.*

## ***<u>DÆMI um útfyllingu samskipta tengdum fráviki á sjónskerpuprófi:</u>***

### *1) Nemandi í 1. bekk sjónprófaður og kemur í ljós að hann sér einungis 0,65 (6/9) á báðum augum.*

***Tilefnisflokkur:*** *Skimanir og mælingar*

***Hjúkrunarviðfangsefni:*** ***Frávik á sjónskerpuprófi***

***Hjúkrunarmeðferð:*** *Samskipti við forráðamann + Tilvísun til augnlæknis + Eftirfylgd*

### *2) Nemandi í 4. bekk sjónprófaður. Sjónskerpupróf innan eðlilegra marka (0,8/0,8) en pírir talsvert mikið augun og er lengi að sjá stafina.*

***Tilefnisflokkur:*** *Skimanir og mælingar*

***Hjúkrunarviðfangsefni:*** ***Frávik á sjónskerpuprófi***

***Hjúkrunarmeðferð:*** *Samskipti við forráðamann + Tilvísun til augnlæknis + Eftirfylgd*